

MÁLFRÍÐUR

21 (2) 2005 bls. 26 - 31
©Höfundar og STÍL



Lífið eftir Mario

*Snædís Snæbjörnsdóttir,
enskukennari FG.*

Í eftirfarandi greinargerð segir frá námskeiði sem haldið var í Reykjavík með Mario Rinvolucrí í ágúst 2005 á vegum FEKÍ.

- „Gettu hvað, ég ætla að prófa svona „kinesthetic“ æfingu á eftir.“
- „Enn spennandi. Ég var einmitt að prófa boltaleikinn í gær.“
- „Ég lét mína skrifa lýsingu á líðan sinni í dag, svona eins og við gerðum hjá Mario.“
- „Ég byrjaði önnina á að skrifa nemendum mínum bréf svona svipað og Mario gerði alltaf.“

Frásagnir á þessa lund hafa einkennt samræður enskukennara við enskudeild Fjölbrautaskólans í Garðabæ undanfarnar vikur eftir að fjórar okkar urðu þess aðnjótandi að sækja endurmenntunarnámskeið undir handleiðslu Mario Rinvolucrí. Námskeiðið sem bar heitið „Upp úr hjólförunum - skapandi aðferðir í enskukennslu“ var haldið af FEKÍ og Endurmenntun HÍ dagana 8.-11. ágúst. Kennarinn, Mario Rinvolucrí, er mörgum að góðu kunnur. Hann er sérfræðingur í endurmenntun tungumálakennara og hefur um árabil kennt við Pilgrims stofnunina í Canterbury á Englandi ásamt því að semja fjölda bóka um enskukennslu og kennslufræði erlendra tungumála. Námskeiðinu var, samkvæmt því sem segir í námskeiðslýsingunni, ætlað að miðla „skapandi aðferðum sem taka mið af mismunandi markmiðum, námsstíl og getustigum. Einnig hvernig hvetja megi nemendur til að vera virkir og sjálfstæðir í námi.“ Námskeiðið var í einu orði sagt frábært og síðan hefur andi Marios svifið yfir vötnum enskudeildar FG.

Námskeiðið stóð í fjóra daga og var hver dagur tileinkaður fyrirfram ákveðnu þema. Hér er ætlunin að stikla á stóru yfir efni hvers dags og lýsa nokkrum af þeim aragrúa æfinga og aðferða sem Mario leiddi okkur í gegnum. Samantektin er langt því frá tæmandi; því má búast við að þátttakendur í námskeiðinu sem lesa þessa samantekt sakni þess að ekki sé minnst á eitthvað sem er þeim ofarlega í huga. Eins er hætt við að upplifun undirritaðrar hafi verið önnur en einhverra annarra og því kunní lýsing mín á einstaka æfingum að vera eitthvað frábrugðin því sem þá rekur minni til. Ég vona bara að þið takið viljann fyrir verkið.

Dagur 1: Ísbrjótsæfingar, nafnaleikir o.fl.

Fyrsti dagur námskeiðsins hófst á ýmsum ísbrjótsæfingum sem var ætlað að hrista hópinn

saman en jafnframt gefa okkur sýnishorn af æfingum sem við gætum sjálf notað í eigin kennslu. Við prófuðum til dæmis paraæfingar þar sem þátttakendur töldu til skiptis upp eða niður: 0 - 2 - 4 - 6... og 100 - 98 - 96 - 94... þar til þeir mættust á miðri leið. Þetta var ágætis heilaleikfimi fyrir mistalnaglögga tungumálakennara. Hópurinn raðaði sér síðan upp eftir afmælisdögum þannig að þeir sem voru fæddir í janúar stóðu fremstir og svo koll af kolli. Síðan var skipt upp í hópa. Þetta var ágætis tilbreyting frá því að telja saman í hópa eftir „venjulegu“ leiðinni.

Lygasögur og látbragsleikur

Í þriggjamanna hópum var okkur sagt að kynna okkur á þann hátt að einn átti að segja allt satt, sá næsti 50% ósatt og sá þriðji allt ósatt; gamanið fólst í því að greina hvað hafði verið satt og ósatt hjá þeim sem laug helmingum og að giska á hvaða mann lygalaupurinn (þriðji aðilinn í hópnum) hefði að geyma. Mario taldi lygasögur sem þessar henta vel í vinnu með unglingum, því þeir væru svo uppteknir af sjálfsmynd sinni. Annar kynningarleikur fólst í því að nota látbragðsleik. Tveir þátttakendur skiptust á að spyrja og svara án orða - allt með svipbrigðum og látbragði; síðan átti hver og einn að kynna félagan sinn fyrir öðru pari og segja frá því hverju maður hafði komist að um hann.

Boltaleikir

Til að þátttakendur lærðu nöfn allra í hópnum, lét Mario okkur fara í boltaleik. Sá sem byrjaði með boltann (gefum okkur að það sé Anna) kastaði honum til einhvers annars í hópnum og sagði: „From Anna to Snædís“; Snædís kastaði þá boltanum til einhvers annars í hópnum og sagði: „From Snædís to“ ... og síðan koll af kolli. „Fleiri útfærslur voru prófaðar s.s. „from Anna to Snædís for Ágústa“ (þá átti viðtakandinn, Snædís, að rétta Ágústu boltann), eða „from Anna over/under/behind Snædís to Ágústa“ eða „from Anna to the person sitting on Snædís's left“. Þar með gafst færi á að nota þennan nafnaleik til að æfa forsetningar og hægrivinstri staðsetningu ásamt eignarfallsmyndun. Þess má geta að „boltinn“ var búinn til á staðnum úr samanvöðluðum pappír, þannig að ekki þarf að fjárfesta í finum bolta til að geta farið í þennan leik.

Skipst á hugmyndum (Bartering of ideas)

Mario var umhugað um að þátttakendur fengju óskir sínar uppfylltar og bað okkur því um að skrifa niður 2-3 óskir um viðfangsefni næstu daga. Óskirnar átti að skrifa niður á pappírssnepla sem hann dreifði til okkar, eina ósk á hvern snepil, og var skýrt tekið fram að við ættum að skrifa vel svo að aðrir ættu auðvelt með að lesa rithönd okkar. Óskirnar reyndust af ýmsum toga, svo sem að fá að læra meira um talþjálfun, að læra um það hvernig mætti gæða kennslubækurnar meira lífi og hvernig maður gæti orðið betri kennari án þess að auka vinnuálagið. Þegar allir höfðu lokið við að skrifa, bað Mario hvern og einn um að „selja“ öðrum þátttakendum námskeiðsins óskir sínar í skiptum fyrir aðrar óskir (svona líkt og maður skipti á servéttum héra í gamla daga!). Allir gengu um, kíktu á það sem hinir höfðu skrifað og áttu býsna lífleg viðskipti. Í leiðinni komst maður að sjálfsögðu að því hvaða spurningar og óskir aðrir þátttakendur báru í brjósti. Mario kallaði þessa aðferð „a silly mechanism for finding out what others think“ og taldi hana gagnlega í ýmsu samhengi, til dæmis til að fá nemendur til að skiptast á skoðunum um bókmenntaverk.

Tvívæðar setningar þýddar á íslensku

Ein æfing, sem mætti flokka sem orðaforðaæfingu en jafnframt upplestrar og hlustunaræfingu, fólst í því að þýða nokkrar setningar af ensku yfir á íslensku. Hver setning hafði að geyma tvívætt orð, þ. e. orð sem skilja má á tvo eða fleiri vegu. Mario byrjaði á að lesa setningarnar upp á ensku; við (nemendurnir) áttum að snara þeim umsvifalaust yfir á íslensku en láta eiga sig

að skrifa þær niður á ensku. Næsta skref fólst í að bera þýðingarnar saman í tveggja til þriggja manna hópum. Stundum höfðu þátttakendur skilið setningarnar eins en stundum voru þýðingar býsna ólíkar enda höfðu tvíraðu orðin þá verið túlkuð á mismunandi hátt. Sem dæmi um setningar sem Mario las upp má nefna:

- Can you make supper tomorrow night? = Geturðu eldað kvöldmatinn annað kvöld? / Geturðu komið í kvöldmat annað kvöld?
- I've read a lot recently on trains. = Ég hef lesið heilmikið nýverið um borð í lestum. / Ég hef lesið heilmikið nýverið um lestir.
- It's too easy to forget it. = Það er of auðvelt að gleyma því. / Það er of auðvelt til að gleyma því?
- Is the book dated? = Er bókin orðin úrelt? / Er bókin dagsett?
- I think much of Italian men. = Ég hugsa mikið um ítalska karlmenn. / Mér finnst mikið til ítalskra karlmannna koma.

Collective nouns - safnheiti

Önnur orðaforðaæfing snerist um safnheiti. Æfingin byrjaði sem upplestur: Mario las upp runu orðasambanda s.s. a herd of elephants, a clump of trees, a party of tourists ...; nemendur skrifuðu orðin niður og lögðu síðan sjálfstætt mat á fjöldann í hverju tilviki. „A herd of elephants“ myndi til dæmis hafa að geyma á bilinu 1030 fila. Næsta skref var að bera saman listana og áætlaðan fjölda í hverju tilfalli. Síðan fengum við lista yfir safnheiti þar sem hægt er að nota a.m.k. tvö sams konar orð. Dæmi: a flock of birds / a flight of birds og a wad of banknotes / a roll of banknotes. Verkefni okkar sem nemenda var einfaldlega að ræða saman í þörum hvort orðasambandið við könnuðumst betur við og værum líklegri til að nota. Lokaskrefið fólst í samræðuverkefni þar sem nemendur sóttu í eigin reynsluheim um leið og þeir svöruðu spurningum á borð við:

- Have you ever been in a party of tourists?
- Can you think of a clump of trees near your house?
- What do you feel on seeing a litter of newborn puppies?

Þolmynd æfð í samræðum

„Verbs used primarily in the passive must be presented in the passive s“, sagði Mario. Með öðrum orðum: það er eðlilegt að kynna í þolmynd þær sagnir sem fyrst og fremst eru notaðar í þolmynd. Í kjölfarið skipti hann okkur í þör sem síðan tóku til við að spyrja og svara til skiptis (spurningarnar fengum við á blöðum, síða A og síða B, sín handa hvorum aðila). Spurningarnar kröfðust þess að viðmælandinn segði frá reynslu sinni af einhverju og flestar þeirra buðu upp á ansi liflegar frásagnir og samræður. Dæmi um spurningar í þessu verkefni eru:

- Have you ever been stranded late at night with no transport and had to find some way of getting home? Describe what happened.
- Do you know anyone who has been paralysed? Tell me something about them, please, about how they got paralysed and about how they cope.
- Are you the kind of person that gets mesmerised by a book, an event or another person? Do you know anyone who gets mesmerised in this way?
- Do you know anyone whose house has been gutted by fire?
- Have you ever been fined?

Hreyfiskynsæfingar

Nemendur nota ólíkar aðferðir við að læra. Sumir læra best með sjónrænni nálgun meðan aðrir reiða sig meira á heyrnina. Svo eru þeir sem læra best með því að framkvæma hlutina. „They

learn by doing rather than seeing“. Oft er um að ræða fyrirferðarmikla nemendur sem eiga erfitt með að sitja kyrrir löngum stundum. Hreyfiskynsæfingar (kinesthetic exercises) henta þeim því vel. Mario leiddi okkur í gegnum nokkrar æfingar af þessum toga til að útskýra mál sitt.

Ein æfingin fólst í því að æfa kennimyndir óreglulegra sagna með hreyfingum sem við könnumst við úr laginu „Höfuð, herðar, hné og tær“. Fyrsta kennimynd var æfð með því að teygja hendur í átt að tám, önnur með því að rétta sig upp til háls og leggja hendur á mjaðmir og sú þriðja með því að teygja hendur upp yfir höfuð. Þetta á við í tilviki sagna svo sem gowentgone eða swimswamswum; kennimyndirnar þrjár eru mismunandi. Í tilviki sagna eins og cutcutcut eða letletlet myndi aðeins vera notuð ein hreyfing, og síðan einungis tvær hreyfingar fyrir sagnir eins og kneelkneltnelt eða havehadhad.

Önnur hreyfiskynsæfing fólst í því að mynda pör og skrifa síðan orð með einum fingri á bak félagans sem síðan svaraði með viðeigandi orði á bak þess fyrri. Svona æfing hentar til að æfa ýmislegt sem kemur í tvenndum, s.s. andstæð lýsingarorð (hot - cold, tall - short) eða óregluleg fleirtala nafnorða (child - children, corpus - corpora).

Enn ein æfingin fólst í því að tíu nemendur voru fengnir til að standa sem fulltrúar fyrir jafnmargar borgir í Bretlandi. Þeir byrjuðu á að raða sér upp þannig að þeir mynduðu kort af Bretlandi: Aberdeen stóð að sjálfsögðu nyrst, þá Edinburgh og Glasgow, ... og svo Exeter og Southampton syðst. Síðan gekk Mario á milli þeirra og spurði hvern og einn leiðandi spurninga sem miðuðu að því að miðla fróðleik og ýmsum upplýsingum um hverja borg fyrir sig.

Dagur 2: Sagnalist, raddbeiting, óhefðbundnar orðaforðaæfingar o.fl. Skynjun orðaforða

Hvernig látið þið nemendur ykkar vinna með nýjan orðaforða? Þurfa þeir að þýða nýju orðin á íslensku? Eða nota þau í setningum? Eða greina þau eftir orðflokkum? Hvað með að skynja orð? Þetta var meðal þess sem Mario kenndi okkur á öðrum degi námskeiðsins. Nemandinn skiptir blaði í fjóra dálka með fyrirsögnunum I see, I hear, I smell og I feel. Kennarinn les 20-30 orð upphátt og nemandinn skipar þeim í dálka eftir því hvernig hann upplifir orðin. Orðin sem lesin eru upp eru gjarnan orð sem hefur verið unnið með nýlega, t.d. í lestexta, og æfingin er því hugsuð sem frekari vinna með þessi orð eða upprifjun. Áhersla er lögð á tengsl einstaklingsins við orðin, sem gerir þau eftirminnilegri fyrir nemandann. Tökum sem dæmi örfá orð úr 6. kafla í First Certificate Reading (bls. 38). Dálkaskiptingin og flokkun orðanna er mín.

I see

celebrate
matched
shopping spree
investment-account

I hear

pounding
dialled
bet
predicting

I smell

success
a meal

I feel

dazed
jealous
frustrated
tempted
determined

Mér finnst ég sjái fólk fagna, aðrir vilja ef til vill frekar heyra fögnuðinn. Aðalatriðið í þessari aðferð til að læra orðaforða er það að hver og einn búi til sína eigin orðalista sem hafa

persónulega merkingu.

Önnur æfing af svipuðum toga felst í því að leggja tilfinningalegt mat á orð/orðasambönd sem standa fyrir ákveðnar aðgerðir eða viðfangsefni. Enn á ný hefst æfingin á upplestri : „Buying shoes, writing emails, getting washed, listening to music, reading nonfiction, having my hair cut, creating disorder“... og um leið og nemendurnir skrifa niður orðin, merkja þeir við þau með plúsum eða mínusum eftir því hvernig þeir upplifa þessi viðfangsefni.

Sagnalist og raddbeiting

Aðalviðfangsefni þessa dags var annars sagnalist (storytelling) og raddbeiting. Mario sýndi með ótal litríkum og eftirminnilegum dæmum hvernig raddbeiting og líkamsstaða hefur áhrif á frásögn. Hraði, tónhæð, orðaval, þagnir, augnsamband, hreyfingar og svipbrigði þess sem segir söguna eru tæki sem sögumaðurinn getur notað til að lita og krydda frásögnina. Máli sínu til stuðnings sagði Mario okkur brandara, lygasögur og alls kyns sögur, jafnt af sjálfum sér og öðrum, og lék sér jafnvel að því að segja sömu söguna tvisvar með mismunandi rödd eða öðrum blæbrigðum. Að sjálfsögðu fengum við síðan að æfa okkur í þorum.

Dagur 3: Sagnalist

Sagnalist var áfram í brennidepli á þriðja degi námskeiðsins, sem hófst á því að þátttakendur skiptust á að segja brandara. Mario brýndi fyrir okkur þær staðreyndir að allir upplifa sögur á eigin hátt og að nemandinn tileinkar sér námsefni betur með því að persónugera það. Ein leið að því markmiði er að fá nemendur til að segja sögur.



Örævisögur

Ein tegund frásagna sem flestir ættu að ráða við er að segja frá afmörkuðum þætti í lífi sínu. Mario kallaði þetta „limited autobiographies“ og þuldi upp langan lista af hugsanlegum frásagnarefnum: ég og svefn; ég og hárið mitt; ég og lestur; ég og snjór; ég og eldur; ég og systkini; ég og einvera; ... Þessu fylgdi að sjálfsögðu sýnishorn frá kennaranum og síðan fengum við tækifæri til að spreyta okkur í þorum á því að segja svona sögur.

Saga af sögu

Næsta dæmi um frásögn var nokkuð óvenjulegra. Sjálfboðaliði úr hópi nemenda var fenginn til að segja frá einhverri lífsreynslu sinni. Áheyrendur útskýrðu síðan hvernig þeir sáu atburðarás frásagnarinnar og lýstu þeirri mynd sem kom upp í hugann þegar sagan var sögð, svo sem hvernig birtan var, hvaða liti þeir sáu fyrir sér og hvaða tilfinningar bærðust með þeim. Sömu aðferð væri vel hægt að nota eftir lestur smásögu, þ.e. hvað sá lesandinn fyrir sér við lestur hennar, hvers kyns hljóð heyrði hann, hvers kyns lykt fann hann, o.s.frv.

Sagnalist og ritun

Að sjálfsögðu er upplagt að þjálfra ritun í gegnum það að segja sögu. Nemendur geta vitaskuld skrifað sögu frá eigin brjósti, en stundum er gott að fá aðstoð - jafnvel ramma að sögu - sem nemandinn getur svo fyllt inn í. Gott dæmi um þetta er æfing sem Mario kallaði „a sandwiched story“. Til grundvallar lagði hann smásögu af manni og einhyrningi, „The Unicorn in the Garden“ eftir James Thurber. Hann las valda stuttra og umorðaða búta úr sögunni upphátt fyrir okkur. Verkefni nemendanna, þ. e. okkar, var að skrifa niður söguna eftir honum, lið fyrir lið, og bæta jafnframt við hana í samræmi við fyrirmæli kennarans. Sagan og fyrirmælin voru sem hér segir:

1. The man went to the window and looked out. (Lýsið manninum)
2. There in the garden he saw a white unicorn munching white lilies. (Lýsið garðinum)
3. The man turned away from the window and woke his wife up: „Dear, there’s a unicorn in the garden, munching lilies“. „Don’t be silly, dear. We have no lilies and the unicorn is a mythical beast.“ (Lýsið konunni)
4. The man went down into the garden and sat himself down on a bench. Soon he drifted off to sleep and dreamt about ... (Hvað dreymdi hann?)
5. In the meanwhile, his wife rang the hospital who quickly dispatched a psychiatrist with a straightjacket. On arrival, the psychiatrist and the man’s wife went down into the garden. The doctor woke the man up: „Are you the fellow who sees unicorns munching lilies“? (Ljúkið við söguna)

Notkun kennslubóka - ýmsar leiðir til að nálgast texta At mati Marios er gallinn við allflestar kennslubækur sá að þær fjalla um einhvern þriðja aðila, en ekki „þig og mig“. Þar af leiðandi er það viðfangsefni kennarans að koma fyrstu og annari persónu inn í námið til að hjálpa nemendum að ná betri tengingu við námsefnið. „Our task is to get the students to engage with the texts“.

Mario sýndi okkur nokkrar mismunandi leiðir til að vinna með lestexta. Viðfangsefnið var grein, sem hann hafði skipt upp í búta í samræmi við efnisgreinaskiptingu hennar. Síðan beitti hann fjórum mismunandi upplestraraðferðum við að leiða okkur í gegnum fjórar fyrstu efnisgreinarnar.

- Fyrsta efnisgrein: Upplestur (dictation). Mario las upp fyrstu efnisgreinina og við skrifuðum hana niður.
- Önnur efnisgrein: Mario las upp 4 setningar og við máttum aðeins skrifa niður fyrsta og síðasta staf hvers orðs. Síðan fylltu þörin í eyðurnar.
- Þriðja efnisgrein: Mario las hana upp nokkuð hratt svo við höfðum aðeins tíma til að hripa niður stikkorð (= a dictogloss exercise). Þörin reyndu síðan að skrifa upp setningarnar í heild sinni.
- Fjórða efnisgrein: „segulbandsupplestur“. Mario þóttist vera segulbandstæki, og við áttum að gefa honum fyrirmælin START, STOP og GO BACK TO. Síðan hófst upplesturinn og meðlimir hópsins kepptust um að hrópa áður nefnd fyrirmæli, stundum hver í kapp við annan. Þetta form var áreiðanlega ruglingslegt fyrir suma, en var eigi að síður spaugileg og „öðruvísi“ aðferð til að nálgast texta.

„Málfræðibréf“

Í upphafi hvers dags fengum við handskrifað bréf frá Mario þar sem hann deildi með okkur ýmsum vangaveltum, ásamt því að kynna viðfangsefni dagsins. Hann spurði jafnframt hvort við hefðum einhvern tíma skrifað nemendum okkar bréf. Hann hvatti okkur til þess, því það gæti opnað okkur nýjar leiðir til að nálgast nemendur, einkum þá feimnari. Bréfin verða vitaskuld að vera skrifuð frá hjartanu til þess að þau hafi tilætluð áhrif: „These letters must ‘smell real’ in order for them to work“ sagði Mario. Bréfin kallaði hann „grammar letters“ þótt þau fjölluðu ekkert endilega um málfræði. Sjálfur sagðist hann nota bréfaskriftir til að deila hugmyndum og hugarástandi sínu með nemendum, kynna ný viðfangsefni eða málfræðiatrúði, ræða það sem væri að gerast innan hópsins, koma af stað upprifjun, o. s. frv. Síðan bætti hann við: „If I don’t write to my [students], why should they take the written language seriously?“

Dagur 4: Ritun af ýmsum toga

Dagurinn hófst á æfingum í að klappa og telja. Æfingarnar höfðu það að markmiði að vekja okkur, því Mario sagðist hafa komist að því að við værum um margt ólík nemendum hans af öðrum þjóðernum. Þeir væru yfirleitt hressir í upphafi dagsins, en þörfnuðust síðan uppörvunar

þegar liði á daginn. Við værum hins vegar vart vögnuð í upphafi dags, en virtumst til í að halda endalaust áfram þegar komið væri fram yfir hádegi. Annars var aðalviðfangsefni dagsins ritun og bréfaskipti.

Bréfaskipti innan hópsins

Enn á ný afhenti Mario okkur bréf. Í bréfi þessa dags reifaði hann gagnsemi bréfrítunar í kennslu og bað okkur síðan bæði um að skrifa honum til baka bréf um okkar eigin reynslu af ritun á erlendum tungumálum. Hann bað okkur einnig um að skrifa öðrum í hópnum um hvað sem er. Bréfin átti að afhenda um leið og þeim var lokið og síðan átti maður að reyna að svara þeim bréfum sem manni bárust. Allt þetta fór fram í þögn; fyrirmæli Marios voru í bréfinu og hljóðalaust urðu þátttakendur við beiðni hans. Hver og einn kom sínu bréfi til skila til kennarans og tók svo til við að skrifa til annarra í hópnum. Mario sjálfur skrifaði í gríð og erg og náði að ég held að svara með stuttu bréfi öllum þeim bréfum sem honum bárust. Geri aðrir betur!

Skrifað út frá textasýnishornum

Mario sýndi okkur bókina *The Pillow Book of Sei Shonagon* sem skrifuð var af japanskri hirðmey á 10. öld. Í bókinni er að finna safn ýmiss konar texta; til að mynda lásur við stuttan lista yfir hluti sem höfundur fannst vekja upp hreinlætistilfinningu, annan lista yfir hluti sem gáfu höfundur óhreinindatilfinningu og þann þriðja yfir hluti sem þóttu unaðslegir (sá listi var lengstur). Í kjölfarið bað Mario okkur um að velja okkur einn af þessum listum sem fyrirmynd eigin lista. Markmiðið var að sýna fram á gagnsemi þess að skrifa eftir fyrirmynd án þess þó að herma nákæmlega eftir fyrirmyndinni.

Ritunaræfingar í pörum

Ritunarþjálfun í tungumálakennslu getur farið fram í paravinnu jafnt sem einstaklingsvinnu og á námskeiðinu fórum við í gegnum nokkrar skemmtilegar paraæfingar til að þjálfar ritun. Ein æfingin fólst til dæmis í því að skrifa samtal þar sem fyrsta línan innihélt 7 orð, sú næsta 6, þá 5 orð og svo koll af kolli þar til samtalinu lauk með einu orði. Önnur útfærsla af þessari æfingu er að byrja með 1 orð í línu, þá 2 o.s.frv. Einn þátttakandi í hópnum sagðist hafa prófað svona samtalsritun með nemendum til að ræða skáldsöguna *Of Mice and Men*. Þriðja æfingin af þessum toga var þannig að annar aðilinn byrjaði samtal með 10 orða setningu og skrifaði síðan tölu á bilinu 2-16 sem sagði mótaðilanum til um hversu mörg orð máttu vera í svari hans.

Hópteikning sem hugmyndauppspretta ritunar

Mario bað okkur um að teikna í sameiningu mynd á töfluna. Hver þátttakandi mátti aðeins teikna einn hlut í hvert sinn sem hann kom upp. Myndin verður að vera ein merkingarbær heild („the drawing must make visual sense“). Myndina má síðan nota sem hugmyndauppsprettu fyrir alls kyns ritunarverkefni, s.s. lýsingu, sögu, samtöl, fréttafrásögn, bréf frá einhverjum í myndinni, orðaforðavinnu (nefna það sem er á myndinni), o. s. frv. Sem dæmi um það hversu óhefðbundinn Mario er í hugsun er að hann bað okkur um að skrifa samtal á milli eldfjalls og heysátu, en hvoru tveggja var að finna á myndinni sem við höfðum í sameiningu teiknað á töfluna. Önnur hugmynd sem hann kynnti fyrir okkur var að nemendur gætu skrifað frásögn af hugsunum sínum og tilfinningum meðan teikningin var í vinnslu.

„A part writing to the whole (and vice versa)“

Það er um að gera að nota ímyndunaraflíð þegar unnið er með ritun og ástæðulaust að skrifa aðeins sem mannvera. Þess í stað má ímynda sér að maður sé tré, laufblað, tá, fótur, pottur,

bílvél eða hvað annað sem manni dettur í hug og skrifa út frá því, eins og næsta æfing gerði okkur ljóst. Mario talaði lítillega um tré og bað okkur um að tilgreina uppáhaldstréð okkar. Í umræðunni var rifjaður upp ýmiss orðaforði varðandi tré, s. s. heiti ýmissa trjategunda o. þ. u. l. Síðan bað Mario okkur um að finna okkur félag; annar aðilinn átti að vera tré en hinn lauf. Verkefnið fólst síðan í að skrifa bréf, annars vegar frá laufinu til trésins og hins vegar frá trénu til laufsins. Afraksturinn vakti talsverða kátínu enda nýstárlegt að setja sig í spor laufa/trjáa. Bréf trjáanna áttu efalaust flest það sammerkt að vera föður/móðurleg meðan laufin voru unggæðingslegri í tali. Mario kallaði þessi skrif „hlutur skrifar til heildar og heild skrifar til hlutar“ og kynnti fleiri hugmyndir sem mætti nýta í svipuðum tilgangi. Meðal þess má nefna:

tree - leaf, school - playground; English language - English grammar; car - gear box; a drunk - his/her liver; brain - nerves; river - waterfall; Winnipeg - Icelandic minority; volcano - caldera; a teenager's room - a teenager's room's door; house - cellar; Iceland - Húsavík; the US - California.

Myndgerðar tilfinningar

„Ímyndið ykkur að þið séuð hús“, sagði Mario. Síðan bað hann okkur (þ. e. húsin) að lýsa í ritun hvernig okkur væri innanbrjósts þá stundina og hvernig okkur liði bæði líkamlega og tilfinningalega. Útkoman var vitaskuld býsna broslæg en í gegnum lýsingar af mishrörlegum húsum mátti vitaskuld greina hvernig viðkomandi nemendum leið þá stundina. Mario benti á fleiri hliðstæðar myndhverfingar sem virka vel í þessum tilgangi, svo sem veðrið og landslag.

Lýsing á eigin tilfinningum

Vitaskuld þarf ekkert endilega að dylja tilfinningar sínar í formi myndhverfinga. Stundum getur verið ágætt að hefja kennslustund á því að biðja nemendur að skrifa hvernig þeim líður nákvæmlega á því augnabliki, jafnt líkamlega sem tilfinningalega. Þetta getur verið leið til þess að kyrra hugann eða auka einbeitingu nemenda. Þessi æfing minnti óneitanlega á jóga. Jógaritun!

Að lokum ...

Til viðbótar öllum þeim hugmyndum og aðferðum sem Mario kynnti á námskeiðinu, dreifði hann til okkar aragrúa af ljósrituðum greinum og kaflabrotum eftir hann sjálfan og aðra höfundu. Jafnframt hafði hann frammi sýnishorn af bókum eftir sjálfan sig og aðra. Þeim sem vilja fræðast nánar um þessar bækur, er bent á að skoða heimasíðu Pilgrimsstofnunarinnar: www.pilgrims.co.uk, þar sem m. a. má finna lista yfir bækur eftir starfandi kennara. Mario ritstýrir auk þess vef tímaritinu Humanising Language Teaching: <http://www.hltmag.co.uk/>

Námskeiðið, sem hér hefur verið lýst, skildi mikið eftir sig og fyllti mig löngun til að nota það sem ég hafði fengið að reyna. Það sem situr þó sterkast eftir er virðingin fyrir nemendum sem geislaði af Mario og viðleitni hans til að nálgast þá sem manneskjur. Með þetta veganesti var spennandi tilhugsun að hefja nýtt skólaár.

PDF-skrá. (119 KB).

Til baka

